

Úttekt á leikskólanum Bergheimum 2011

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið



© Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011

Efnisyfirlit

Samantekt um helstu niðurstöður.....	4
1. Inngangur.....	5
1.1. Framkvæmd og aðferðafræði úttektar.....	5
2. Leikskólinn og umhverfi hans.....	6
2.1. Nemendur.....	6
2.2. Starfsfólk.....	6
2.3. Starfsgrundvöllur og stefna.....	7
2.4. Ytri aðbúnaður.....	7
2.5. Útisvæði.....	9
2.6. Slysavarnir og viðbragðsáætlanir.....	9
2.7. Matur og næring.....	10
2.8. Hvíld barna.....	10
2.9. Hreinlæti og smitgát.....	10
2.10. Mat úttektaraðila.....	11
3. Breyttar ytri aðstæður frá 2008.....	12
3.1. Ný lög um leikskóla.....	12
3.2. Breytt efnahagsástand.....	12
3.3. Mat úttektaraðila.....	12
4. Skólanámskrá.....	13
4.1. Skólafélag sveitarfélagsins.....	13
4.2. Stefna leikskólans.....	13
4.3. Um innra mat og ytri tengsl.....	14
4.4. Skólanámskrá elstu deildar.....	14
4.5. Myndræn námskrá.....	14
4.6. Mat úttektaraðila.....	15
5. Stjórnun og rekstur.....	16
5.1. Skipurit og ábyrgð.....	16
5.2. Símenntun starfsfólks.....	17
5.3. Verkferlar.....	17
5.4. Þáttur barna og foreldra í ákvörðunum skólans.....	17
5.5. Lögbundin gögn skólans.....	18
5.6. Mat úttektaraðila.....	18
6. Uppeldi, menntun og umönnun.....	19
6.1. Leikföng og efniviður.....	19
6.2. Námsvið aðalnámskrár.....	19
6.3. Líðan barnanna.....	20
6.4. Lýðræðisþjálfun.....	20
6.5. Agi og hegðun.....	20
6.6. Þróunarverkefni.....	21
6.7. Mat úttektaraðila.....	21
7. Skólabragur og samskipti.....	22
7.1. Starfsandi.....	22
7.2. Gleðirækt.....	22

7.3.	Lífsleikni	23
7.4.	Samskipti og viðmót.....	23
7.5.	Margbreytileiki og virðing	23
7.6.	Mat úttektaraðila	24
8.	Innra mat.....	25
8.1.	Innihald innra mats.....	25
8.2.	Ábyrgð og eftirfylgni	26
8.3.	Mat úttektaraðila	26
9.	Foreldrasamstarf	27
9.1.	Viðtöl og fundir.....	27
9.2.	Foreldrafélag og foreldraráð.....	27
9.3.	Áhrif foreldra á skólastarfið	28
9.4.	Mat úttektaraðila	28
10.	Upplýsingamiðlun.....	29
10.1.	www.bergheimar.is.....	29
10.2.	Önnur upplýsingamiðlun	29
10.3.	Mat úttektaraðila.....	29
11.	Ytri tengsl.....	30
11.1.	Samvinna skólastiga	30
11.2.	Mat úttektaraðila.....	30
12.	Sérfræðiþjónusta sveitarfélags	31
12.1.	Kynning á þjónustunni.....	31
12.2.	Aðgengi og eftirfylgni	31
12.3.	Mat úttektaraðila.....	31
13.	Niðurstöður	32
13.1.	Helstu styrkleikar skólans.....	34
13.2.	Helstu veikleikar skólans.....	34
13.3.	Um samstarf við leikskólann	34
14.	Tillögur til úrbóta.....	36
14.1.	Tillögur til úrbóta á aðkomu sveitarfélags.....	36
14.2.	Tillögur til úrbóta á starfi skólans.....	36
14.3.	Minniháttar ábendingar.....	36
	Lokaorð	38
	Heimildaskrá.....	39

Samantekt um helstu niðurstöður

Að lokinni úttekt á starfi leikskólans Bergheima á Þorlákshöfn má álykta að börnunum sem þar dvelja sé búið hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði eins og lög um leikskóla nr. 90 frá árinu 2008 kveða á um.

Húsnæði Bergheima uppfyllir ákvæði 5. gr. reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla sem kveður á um þá lágmarksaðstöðu sem vera skal fyrir hendi. Þó húsnæðið uppfylli lágmarkskröfur reglugerðar er ljóst að skólastarfið líður á margan hátt fyrir slæman húsnæðiskost og þrengsli, meðal annars þá ráðstöfun að elsta deild leikskólans er rekin undir þaki Grunnskólans á Þorlákshöfn. Úttektaraðilar gera þá tillögu til úrbóta að sveitarfélagið Ölfus hraði þeirri uppbyggingu á húsakosti leikskólans sem er fyrirhuguð eins og kostur er.

Vel hefur gengið að innleiða nýjar reglugerðir og starfshætti í kjölfar leikskólalaga frá 2008 á Bergheimum og má segja að skólinn hafi innleitt lögin að fullu ef frá eru taldir hnökrar á eftirfylgni við starf foreldraráðs. Breytt efnahagsástand hefur ekki haft mikil áhrif á starf Bergheima þó hagræðingaraðgerðir hafi heldur minnkað starfsánægju og foreldrar og starfsfólk deili áhyggjum af tögum á úrbótum á húsnæðismálum skólans.

Skólanámskrá Bergheima og yfirlýst stefna skólans uppfylla ákvæði gildandi aðalnámskrár en áherslur á námsþætti í skólanámskrá er með vísunum í aðalnámskrá leikskóla frá árinu 1999.

Uppeldi, menntun og umönnun barna í leikskólanum Bergheimum samræmist lögum og reglugerðum um leikskóla. Skólabragur Bergheima er jákvæður og starfsandi virðist góður. Skólinn er ágætlega mannaður fagfólki miðað við landsmeðaltal. Uppeldisstarf skólans ber þess ákveðin merki að leikskólinn þyrfti að móta sér agastefnu og gera úttektaraðilar tillögu þar um.

Bergheimar eru í góðri samvinnu við grenndarsamfélagið og virðist leikskólinn njóta velvildar sem ein af mikilvægustu stofnunum samfélagsins á Þorlákshöfn. Foreldrar virðast hafa jákvætt viðhorf gagnvart leikskólanum og almenn sátt ríkir um fyrirkomulag starfsins.

1. Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir úttekt á Leikskólanum Bergheimum í Þorlákshöfn. Úttektin var gerð samkvæmt ákvörðun mennta- og menningarmálaráðuneytis á grundvelli 20. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi leikskólans og ganga úr skugga um að skólinn uppfylli gildandi lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Bryndísi Elfu Valdemarsdóttur, Lilju Sigurðardóttur og Agnesi Brögu Bergsdóttur að framkvæma úttektina á starfi leikskólans.

1.1. Framkvæmd og aðferðafræði úttektar

Úttektin fór fram á haustmánuðum 2011 og við gagnaöflun var leikskólinn heimsóttur og vettvangsathuganir gerðar. Tekin voru viðtöl við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, formann skólanefndar, formann foreldraráðs og leikskólafulltrúa sveitarfélagsins Ölfuss. Hópviðtöl voru tekin við starfsfólk, börn og foreldra og fóru þau fram í leikskólanum. Viðtölin tóku einkum mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytis beindist að og var tilgangur þeirra að fá fram sýn sem flestra hagsmunaaðila á starfi skólans. Húsnæði leikskólans, búnaður og leiksvæði voru yfirfarin með hliðsjón af Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009, Öryggisvísi leikskóla frá Umhverfisstofnun, Handbók um rekstrarskoðun leiksvæða frá Umhverfisstofnun og Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002. Rýnt var í tölulegar upplýsingar og opinber gögn leikskólans til að athuga hvort þau uppfylltu gildandi lög og reglugerðir.

2. Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Bergheimar er eini leikskólinn í sveitarfélaginu Ölfusi og er hann staðsettur við Hafnarberg á Þorlákshöfn. Sveitarfélagið er með samninga við nágrennasveitarfélögin um vistun þeirra barna í leikskólum í Hveragerði og á Selfossi sem vegna búsetu eiga erfitt um vik að sækja skóla á Þorlákshöfn. Leikskólinn var stofnaður árið 1966 af Kvenfélagi Þorlákshafnar.

2.1. Nemendur

Nemendur leikskólans eru 79 á haustönn 2011, 40 stúlkur og 39 drengir. Börn með annað móðurmál en íslensku eru 16 talsins og börn sem njóta sérkennslu eru 17, en þar er talþjálfun vegna minniháttar talgalla meðtalin.

Skólanum er skipt upp í fjórar aldursskiptar deildir, þar af eina sem starfrækt er í húsnæði Grunnskólans á Þorlákshöfn skamman spöl frá Bergheimum. Börnin skiptast á deildir eins og hér segir:

Dvergaheimar 18 börn á aldrinum 2-3 ára	Álfaheimar 18 börn á aldrinum 2-4 ára
Tröllaheimar 24 börn á aldrinum 3-4 ára	Hulduheimar (í grunnskólanum) 19 börn á aldrinum 5-6 ára

Leikskólinn býður upp á fjölbreytta dvalartíma og leitast þannig við að mæta þörfum samfélagsins. Dvalartími barnanna skiptist sem hér segir:

4,5 tíma dvöl:	3 börn	7,5 tíma dvöl:	5 börn
5,5 tíma dvöl:	5 börn	8,5 tíma dvöl:	29 börn
6,5 tíma dvöl:	12 börn	9,5 tíma dvöl:	25 börn

2.2. Starfsfólk

Starfsmenn Bergheima eru 23 talsins í 20,25 stöðugildum. Þar af er 55% ræstingarstaða og matráður í 70% starfi. Tveir starfsmenn voru í fæðingarorlofi á haustönn 2011 og einn í

námsleyfi. Af þeim 20 starfsmönnum sem vinna beint með börnunum eru 7 leikskólakennarar og 3 leikskólaliðar. Einn starfsmaður er með framhaldsmenntun í sérkennslu.

Leikskólinn nær ekki að uppfylla skyldu laga nr. 87/2008 sem kveða á um að starfsfólk leikskóla skuli að tveimur þriðju vera leikskólakennarar og nýtir sér því undanþáguákvæði 17. greinar laganna. Skólinn er hins vegar sambærilegur við landsmeðaltal (Hagstofa Íslands, 2010) hvað fagmönnum varðar en rösklega þriðjungur stöðugilda sem sinnir uppeldisstarfinu beint tilheyrir fagfólki.

Eingöngu konur starfa við leikskólann og eru margar þeirra með langan starfsaldur. Starfsmannavelta er afar lítil og því mikil samfella í starfsmannahaldi.

2.3. Starfsgrundvöllur og stefna

Leikskólinn Bergheimar vinnur samkvæmt skólanámskrá, skólastefnu sveitarfélagsins Ölfuss og aðalnámskrá leikskóla frá 1999. Skólinn leggur áherslu á málörvun og hreyfingu. Í skólanámskrá leikskólans kemur fram rík áhersla á leikinn sem tjáningarform og námsleið barna.

Skólastefna sveitarfélagsins Ölfuss var samþykkt sumarið 2010 eftir vinnu starfshóps um mótun stefnunnar í samráði við fjölmarga hagsmunaaðila skólamála. Einkunnarorð stefnunnar eru vinátta, virðing og velgengni. Í stefnunni er fjallað um aðbúnað og aðstöðu, nám og kennslu, lýðheilsu, samstarf stofnana, heimili og skóla, skóla án aðgreiningar, mat og skólabrag. Í skólastefnunni birtast markmið málaflokkanna en skólarnir hafa svigrúm að leiðum til að ná þeim.

2.4. Ytri aðbúnaður

Leikskólinn er árlega skoðaður af vinnueftirliti, heilbrigðiseftirliti og brunavörnum Árnassýslu. Skólinn hefur staðist skoðanir þessara aðila án athugasemda annarra en þeirra sem húsnæði hans býður ekki upp á að uppfylla. Um nokkurt skeið hefur ný leikskólabygging eða viðbygging verið á döfinni hjá sveitarfélaginu. Viðhaldi skólans hefur því verið haldið í lágmarki undangengin ár en engar tímasetningar eru þó fyrirbyggjandi um hvenær af fyrirhugaðri byggingu gæti orðið.

Ljóst er að skiptar skoðanir ríkja bæði meðal starfsfólks og foreldra um þá ráðstöfun að reka eina deild leikskólans í húsnæði grunnskólans. Að sögn starfsfólks og stjórnenda er um þróunarverkefni af hálfu sveitarfélagsins að ræða en fram kom hjá foreldrum að trúlega væri þrengslum um að kenna. Það er ljóst að núverandi fjöldi barna í leikskólanum myndi ekki rúmast innan núverandi húsnæðis. Að mati starfsfólks hlýst ýmiskonar óhagræði af því að starfa í tveimur húsum. Allir foreldrarnir í rýnihópnum sögðu að þeir myndu kjósa að allt starf leikskólans færi fram undir einu þaki. Núverandi fræðslunefnd hefur ekki heimsótt leikskólann formlega.

Á þeim deildum sem eru í leikskólahúsnæðinu sjálfu eru fataklefar góðir, aðgengi barna að fatahólfum er gott, vinnuaðstaða starfsfólks er góð og þurrkaðstaða er góð. Deildarrými eru ágæt og nokkuð nútímaleg. Aðgengi barna að leikefni á deildum er gott, húsbúnaður barna er í góðu lagi og vinnuaðstaða starfsfólks er góð. Á salernum deildanna er aðgengi barna að vöskum og salernum gott en það skortir á að börnin geti lokað að sér og skapað sér frið á salerninu þar sem engar hurðir eru á klefunum heldur eingöngu skilrúm á milli salerna. Vinnuaðstaða kennara á salernum er í lagi.

Á fimm ára deildinni sem hýst er í húsnæði grunnskólans skortir bæði á pláss og þurrkaðstöðu í fataklefa. Deildarrými er gott og aðstaða þar góð. Salernisaðstaða fyrir leikskólabörnin er hins vegar ekki góð því vaskar eru í fullorðinshæð og engin aðstaða er fyrir starfsfólk inni á salernum til að þrifa börn ef þau lenda í óhappi. Einnig er fjarlægð frá kennslustofu yfir á salerni barna óviðunandi þar sem töluverðar líkur eru á að fimm ára börn þurfi stundum aðstoð kennara sinna þegar þau nota salerni.

Í viðtölum nefndu foreldrar að deildir leikskólans væru þröngar, starfsmannaaðstaða augljóslega léleg og húsnæði víða úr sér gengið. Sama viðhorf má greina í niðurstöðum síðustu viðhorfskönnunar foreldra á Bergheimum en þar kemur fram óánægja með húsakost leikskólans.

Skólinn uppfyllir ákvæði 5. gr. reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla en segja má að í hverjum einasta lið sé húsnæðinu ábótavant: deildarrými rúmar leik, nám og hvíld barna en þar sem samnotarými er af skornum skammti verða deildirnar að rúma allt barnastarf innandyra og getur það skapað þrengsli (a-liður). Með góðum vilja má kalla gamalt anddyri sem stúkað hefur verið af, rými fyrir sérfræðiþjónustu (b-liður), salurinn þar sem hreyfileikir, þjálfun af ýmsu tagi, listsköpun og ýmsir viðburðir fara fram er 40 m² (c-liður) en skólinn leitar til sveitarfélags um afnot af stærri sal þegar um er að ræða samkomur sem krefjast þátttöku allra nemenda skólans. Aðstaða til að neyta matar er inni á deildum (d-liður) en

bítibúr er afar lítið og léleg aðstaða til lágmarks eldamennsku. Salernisaðstaða barna og starfsfólks er aðskilin (e-liður) en einungis eitt starfsmannasalerni er fyrir 23 starfmenn sem er ekki viðunandi. Þurrkaðstaða (f-liður) er fyrir hendi fyrir þrjár deildanna, það er, þær sem eru í húsnæði Bergheima en þurrkaðstöðu er ábótavant fyrir deildina sem hefur aðsetur í grunnskólanum. Lóð Bergheima er afmörkuð og skipulögð (g-liður) en leikskólinn býr við það óhagræði að ein deildanna er í grunnskólanum hinu megin við götuna og því bæði langt á milli leiksvæðanna og elstu börn leikskólans þurfa að deila leiksvæði með grunnskólabörnum. Vinnurými leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er fyrir hendi en er lítið meira en skápur og teldist víða þröngt fyrir einn starfsmann en nú deila því tveir. Annað starfsfólk hefur til afnota eitt herbergi sem jafnframt þjónar skólanum sem geymsla (h-liður). Starfsfólk Bergheima hefur setustofu (i-liður) en hún er lítil og þjónar einnig sem vinnuafdrepp, aðkoma fyrir eldhús og biðstofa fyrir skrifstofu leikskólastjóra.

2.5. Útisvæði

Um útisvæði leikskóla gilda reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 og reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002.

Leiksvæði Bergheima er að mestu leyti í fínu ásigkomulagi en það var tekið í gegn í sumar og sveitarfélagið annast að auki reglulega rekstrarskoðun. Rólurnar á leiksvæðinu er þó orðnar lélegar og þarf að yfirfara málningu og varnir á keðjum. Eru umbætur á þessu nú þegar í ferli og verður skipt um rólur áður en frost kemur í jörð að sögn leikskólastjóra. Gamall bátur á leiksvæðinu er orðinn fúinn og greinilega langt síðan lappað hefur verið upp á hann. Í kringum hann er lágur rammi sem er orðinn mjög lélegur og farið að brotna upp úr honum. Eitthvað er um að boltar og rær standi út úr bátnum. Foreldrar í rýnihópi töldu útisvæðið almennt vel hirt og að starfsfólk sinni daglegu viðhaldi þess vel.

Leiksvæði grunnskólans sem 5 ára deild Bergheima samnýtir með grunnskólabörnunum er snyrtilegt. Á svæðinu eru fimm rólur sem eru að mestu leyti í góðu lagi nema að gúmmí í setum er orðið mjög sprungið. Þar er einnig hringekja sem ætlunin er að börnin hangi í og snúist í hring. Hún er of há fyrir 5 ára börn og lítið er eftir af mól í undirlaginu. Kastalinn er að mestu lagi í góðu standi nema hvað reipin sem halda uppi brúnni eru orðin mjög trosnuð.

2.6. Slysavarnir og viðbragðsáætlanir

Viðbragðsáætlanir vegna jarðskjálfta, öskufalls og bruna eru til staðar og skólinn býr einnig að viðbragðsáætlun vegna inflúensu sem má grípa til ef ástæða þykir til. Reglulega eru haldnar æfingar þar sem viðbrögð við bruna og jarðskjálfta eru æfð. Útisvæði er athugað daglega áður en börn fara út, til að ganga úr skugga um að þar sé hvorki óþrifnaður, glerbrot eða annað sem börnum getur stafað hættu af.

Starfsfólk fer reglulega á skyndihjálparnámskeið og viðeigandi viðhaldsnámskeið í slysavörnum og skyndihjálpi. Sjúkrakassar eru á nokkrum stöðum í húsinu og slyskráning fer fram líkt og ætlast er til.

2.7. Matur og næring

Boðið er upp á morgunverð, ávaxtahressingu, hádegisverð og nónhressingu í leikskólanum. Eingöngu er móttökueldhús á Bergheimum svo að hádegisverður kemur aðsendur frá SS og er hitaður upp á staðnum. Maturinn frá SS er framleiddur samkvæmt sérstökum skólamatseðli sem kallast *Hollt í hádeginu* og miðast við staðla Lýðheilsustöðvar en leikskólinn getur komið séróskum sínum á framfæri. Athygli vekur að leikskólinn hefur afþakkað silung og lax í hádegisverðinn vegna þess hve beinmargur þessi fiskur er. Lýsi er ekki gefið í leikskólanum.

Í viðtölum við rýnihóp foreldra kom fram óánægja með hádegisverðinn og felst sú óánægja einkum í því að maturinn er aðsendur. Myndu foreldrar heldur kjósa mat sem eldaður væri á staðnum. Foreldrar lýstu ánægju með morgunverð, nónhressingu og millibita.

2.8. Hvíld barna

Öll börnin fá slökunartíma í leikskólanum og ber þeim að leggjast út af og þau sem vilja og þurfa geta sofnað. Slökunin fer fram að loknum hádegisverði og stendur lengst á yngstu deildunum en styttra á eldri deildunum, þó aldrei skemur en 40 mínútur.

2.9. Hreinlæti og smitgát

Leikskólinn er snyrtilegur og börnin vel hirt. Regluleg leit að lús fer ekki fram í skólanum en tekið er á málum ef fréttist af henni á kreiki. Öll hefðbundin venja er á handþvotti barnanna svo og bleyjuskiptum þeirra yngstu. Þrif fara eingöngu fram utan opnunartíma skólans en mataraðstaða, fataklefar og salerni barna eru yfirfarin og snyrt eftir þörfum. Öll börnin á deildunum í leikskólanum sjálfum, eru í inniskóm.

2.10. Mat úttektaraðila

-Börnum í leikskólanum Bergheimum eru búin örugg náms- og leikskilyrði og uppeldisumhverfið er hvetjandi. Skólinn er ágætlega mannaður fagfólki miðað við landsmeðaltal á Íslandi.

-Húsnæði Bergheima uppfyllir ákvæði 5. gr. reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla sem kveður á um þá lágmarksaðstöðu sem vera skal fyrir hendi. Að því sögðu er nauðsynlegt að taka fram að þessi aðstaða fer hvergi fram úr algeru lágmarki en er að mörgu leyti óviðunandi og ekki í takti við nútíma kröfur eða væntingar um skólahúsnæði.

-Sú ráðstöfun að reka eina deild leikskólans í húsnæði Grunnskóla Þorlákshafnar er umdeild meðal foreldra og starfsfólks og mat úttektaraðila er að þetta fyrirkomulag sé ekki heppilegt.

-Óánægja ríkir með aðsendan mat meðal foreldra og myndu þeir að sögn fremur kjósa mat sem eldaður væri á staðnum. Matseðill skólans er þó viðunandi samkvæmt almennri venju og tilmælum Lýðheilsustöðvar, fyrir utan að þess er ekki gætt að bjóða upp á feitan fisk reglulega og/eða lýsi. Þetta kann einkum að virðast slæmt í ljósi nýlegrar umræðu um D-vítamín skort hjá íslenskum börnum.

-Boltar og rær standa út úr ramma í kring um gamlan bát á útileiksvæði barnanna.

-Salerni barna í leikskólahúsinu eru opin svo það skortir á að börnin geti sinnt þörfum sínum í einrúmi. Þetta er einfalt að leiðrétta án mikils tilkostnaðar.

-Umönnun barna er sinnt af natni á Bergheimum og þau virðast hrein og södd. Ánægjulegt er að sérstaklega sé hugað að því að börnin hvílist vel í leikskólanum.

-Starfsfólk Bergheima sýnir einstakt æðruleysi gagnvart slæmum húsnæðisaðstæðum leikskólans og virðist ná að gera hið besta úr þeim takmörkunum sem þessar aðstæður skapa. Stjórnendur sýna einnig útsjónarsemi við skipulagningu starfsins og nýtingu húsakosts.

3. Breyttar ytri aðstæður frá 2008

Árið 2008 urðu tvær breytingar á ytri aðstæðum íslenskra leikskóla. Annars vegar var um að ræða gildistöku nýrra laga um leikskóla en það eru lög nr. 90/2008 sem mikið er vísað til í þessari skýrslu og hins vegar var um að ræða hrun íslenska bankakerfisins og alþjóðlegu efnahagskreppuna með tilheyrandi breytingum á efnahagslífi landsins.

3.1. Ný lög um leikskóla

Vel hefur gengið að innleiða nýjar reglugerðir og starfshætti í kjölfar nýrra leikskólalaga á Bergheimum og starfsfólk tekur fyrirætlum vel að sögn leikskólastjórnenda. Ný lög og reglugerðir hafa að jafnaði ekki leitt til breytinga á beinum kostnaði.

3.2. Breytt efnahagsástand

Áhrif efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans hafa ekki verið mikil á heildina. Launakostnaður hefur þó lækkað með hagræðingaraðgerðum og föst yfirvinna verið tekin af starfsfólki. Álagið á starfsfólk hefur að nokkru leyti aukist í kjölfarið. Foreldrafundi sem tíðkaðist að halda síðdegis eru nú haldnir fyrri part dags. Foreldrar hafa ekki orðið varir við niðurskurð vegna efnahagsbreytinga nema hvað tafir hafa orðið á brýnum úrbótum í húsnæðismálum leikskólans og þeim áhyggjum deila þeir með starfsfólki. Foreldrarnir töldu fagstarfið ekki hafa galdið fyrir efnahagsástandið og töldu það ekki koma niður á börnunum að minna hafi verið keypt af leikföngum en meira af verðlausu leikefni notað í staðinn.

3.3. Mat úttektaraðila

-Vel hefur gengið að innleiða nýjar reglugerðir og starfshætti í kjölfar nýrra leikskólalaga á Bergheimum.

-Breytt efnahagsástand hefur ekki haft mikil áhrif á starf Bergheima. Þó hafa hagræðingaraðgerðir eitthvað minnkað starfsánægju og foreldrar og starfsfólk hefur áhyggjur af töfum á úrbótum á húsnæðismálum skólans.

4. Skólanámskrá

Skólanámskrá Bergheima er ítarleg og metnaðarfull að byggingu. Hugtök eru þar vel skilgreind og ábyrgð og verksvið alls starfsfólks útskýrt. Skólanámskráin þjónar einnig þeim tilgangi að vera nokkurs konar foreldrahandbók eða leiðsagnarrit fyrir foreldra um leikskólastarfið. Skólanámskráin hefur verið endurskoðuð fyrir starfsárið 2011 -2012 og er um 6. útgáfu að ræða svo að greinilegt er að hefð er fyrir því að endurskoða námskrána reglulega. Endurskoðun skólanámskrárinnar fyrir yfirstandandi starfsár fór þó greinilega fram áður en ný aðalnámskrá leit dagsins ljós í maí 2011 og miðast hún því við fyrri aðalnámskrá.

4.1. Skólastefna sveitarfélagsins

Skólastefna sveitarfélagsins er höfð til hliðsjónar í starfsemi Bergheima. Ekki er minnst á hana í skólanámskrá leikskólans né einkunnarorð skólastefnunnar en skólanámskráin endurspeglar hins vegar stefnuna ágætlega. Lögð er áhersla á grenndarnám og fjölbreytta kennsluhætti eins og skólastefnan gerir ráð fyrir sem og samstarf við heimili og stofnanir. Þá leggur skólastefnan töluverða áherslu á margbreytileika samfélagsins og mat á skólastarfinu og þeim þáttum eru gerð nokkuð góð skil í skólanámskrá.

4.2. Stefna leikskólans

Stefna leikskólans er skýr í skólanámskránni upp að vissu marki. Leikskólinn starfar ekki eftir sérstökum gildum sem koma fram í skólanámskránni. Áherslur skólans samkvæmt skólanámskránni eru málörvun og hreyfing. Þessir áhersluþættir eru vel útfærðir í skólanámskránni með góðum lýsingum á þeim leiðum sem notaðar eru í uppeldisstarfinu til að sinna þessum áherslum. Í viðtali við skólastjórnendur kom hins vegar fram að leikskólinn legði að auki mikla áherslu á stærðfræði og er sú áhersla vel greinanleg í starfi barnanna, einkum þeirra elstu en þar fer fram markviss þjálfun í talnaskilningi. Þessi áhersla á stærðfræðina kemur ekki fram í skólanámskránni.

Í starfi skólans má greina margháttuð áhrif helstu uppeldisstefna síðustu aldar og er það athyglivert að í kaffiáðstöðu starfsfólks er að finna gott safn nýrra jafnt sem eldri rita um uppeldisfræði, skólamál, þroskasálfræði og heimspeki og virðist svo vera sem þetta ritasafn sé í notkun meðal starfsfólks skólans.

Námssvið aðalnámskrár frá 1999 eru vel útfærð með markmiðum og leiðum í skólanámskrá Bergheima og hefur áhersla verið lögð á að setja leiðirnar í hlutbundið og áþreifanlegt form. Aðalnámskrá leikskóla er leiðbeinandi gagn í starfi Bergheima og reynt er að taka upp þætti úr nýrri aðalnámskrá þó svo að ekki sé markvisst farið að vinna eftir henni.

Í skólanámskrá leikskólans kemur fram rík áhersla á leikinn sem tjáningarform og námsleið barna. Helstu tegundir og form leiks eru þar útlistuð og fræðilegur rökstuðningur fyrir mikilvægi hans.

Stefna skólans samræmist ákvæðum aðalnámskrár en áherslur á námsþætti í skólanámskrá er með vísunum í aðalnámskrá leikskóla frá árinu 1999 og því kemur samþætting grunnþátta menntunar líkt og rætt er um í nýrri aðalnámskrá, ekki fram í skólanámskrá Bergheima. Ekki er ljóst í skólanámskránni hverjir koma að mótun stefnu leikskólans.

4.3. Um innra mat og ytri tengsl

Í skólanámskrá Bergheima er góð lýsing á ytri tengslum skólans og samstarfi hans og samskiptum við nærsamfélagið í Þorlákshöfn. Í námskránni er einnig að finna kafla sem kallast gæðamat og þar er góður vísir að stefnu skólans varðandi innra mat en nánar er vikið að þessum þætti í kaflanum um innra mat.

4.4. Skólanámskrá elstu deildar

Bergheimar eru með í þróun sérstaka skólanámskrá fyrir elstu deild leikskólans sem er með aðsetur í grunnskólanum og hafa birt að henni ítarleg drög fyrir komandi starfsár. Í þessum drögum, sem þegar eru í notkun sem leiðbeinandi vinnuþlagg, er að finna ítarlega útlistun á markmiðum deildarinnar en ekki eru neinar útfærslur á leiðum. Að öðru leyti kemur allt fram í námskrá elstu deildarinnar sem venja er að komi fram í skólanámskrám svo sem útlistun á samvinnu og ytri tengslum, aðferðum við innra mat, aðbúnaði barna og stjórnun fagstarfs.

4.5. Myndræn námskrá

Til viðbótar við hina venjulegu námskrá í textaformi hefur leikskólinn gefið út myndræna námskrá í þeim tilgangi að gera efni skólanámskrár aðgengilegra fyrir börnin og foreldrana.

Hún sérstaklega vel til þess fallin að útskýra skólastarfið og koma nytsamlegum upplýsingum til þeirra foreldra sem hafa ekki góða færni í íslensku eða eiga erfitt með lestur hennar.

4.6. Mat úttektaraðila

-Skólanámskrá Bergheima og yfirlýst stefna skólans uppfylla ákvæði gildandi aðalnámskrár en áherslur á námsþætti í skólanámskrá eru með vísunum í aðalnámskrá leikskóla frá árinu 1999.

-Áhugaverð stærðfræðivinna sem fram fer á Bergheimum kemur ekki fram í skólanámskránni.

-Útfærsla Bergheima á skólanámskrá á myndrænu formi er athygliverð og jákvæð viðleitni til að ná til þeirra foreldra sem eiga erfitt með að nýta sér útgáfu á textaformi.

5. Stjórnun og rekstur

Skólastarf Bergheima er að mestu í samræmi við skólanámskrá, þar sem áherslur á málrækt og hreyfingu, sjálfsbjörg og tónlist eru greinilegar í daglegu starfi skólans svo og reglulegum viðburðum. Einnig er lögð áhersla á stærðfræði í starfinu en henni eru ekki gerð skil í skólanámskrá.

5.1. Skipurit og ábyrgð

Stjórnskipulag Bergheima hentar vel stærð og verkefnum leikskólans. Um hefðbundið línulegt skipulag er að ræða. Leikskólastjóri er yfirmaður leikskólans og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfseminni. Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra og honum til ráðuneytis. Deildarstjórar bera ábyrgð á kennslu og foreldrasamstarfi á sinni deild. Leikskólakennarar og leiðbeinendur eru kennarar deildarinnar og vinna undir stjórn og í samstarfi við deildarstjóra. Auk þeirra eru starfandi matráður og sérkennslustjóri við leikskólann. Sérkennslustjóri stjórnar sérkennslu og er ráðgefandi fyrir foreldra, deildarstjóra og starfsfólk.

Skipurit skólans endurspeglar ágætlega sérstöðu hans sem og ákvæði laga og reglugerða, er fjalla um þá starfsemi sem fer fram í húsnæði leikskólans. Skipurit leikskólans er hins vegar óheppilegt þegar horft er til þeirrar starfsemi sem fer fram í húsum grunnskólans og endurspeglar ekki þá sérstöðu. Leikskólinn nýtir húsnæði Frístundar í grunnskólanum fyrri part dags og þar er annar yfirmaður sem getur skapað togstreitu. Grunnskólastjóri er sá sem fer með stjórn í húsi grunnskólans og eðli málsins samkvæmt hefur hann ekki mikil afskipti né þekkingu á málefnum leikskólabarnanna sem þar hafa aðsetur.

Ábyrgðarskipting stjórnenda er skýr en verkaskipting liggur ekki skriflega fyrir. Leikskólastjóri fer með faglega og rekstrarlega ábyrgð á leikskólastarfinu. Aðstoðarleikskólastjóri sér um skrif í Bæjarlíf sem er bæjarblað, eins kemur hann skipulagningu viðburða í daglegu starfi og ýmis konar samstarfi í bæjarfélaginu. Hann hjálpar til við skipulagningu undirbúningstíma starfsmanna en leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri leiða faglega starfið saman. Deildarstjórar bera ábyrgð á því sem gert er á deildum og fylgja því eftir.

Ákvarðanatáka innan leikskólans er að mestu leyti skilvirk. Á starfsmannafundum einu sinni í mánuði fær starfsfólk tækifæri til þess að hafa áhrif með opnum skoðanaskiptum.

Upplýsingagjöf er nokkuð góð en það kemur fyrir að upplýsingar skili sér ekki til alls starfsfólks og er ástæða þess óljós.

Einu sinni í mánuði eru haldnir starfsmannafundir á Bergheimum. Þá eru mál til umfjöllunar sem þarf að breyta og bæta. Starfsmenn fá greidda yfirvinnu fyrir starfsmannafundi. Deildarstjórafundir eru viku á undan starfsmannafundi. Deildarfundir eru einu sinni í mánuði á hverri deild. Óformlegt samráð fer utan þessa fram í undirbúningstímum og á kaffistofu. Starfsdagur fyrir haustið er fyrsta dag eftir sumarfrí og starfsfólk sækir auk þess haustþing Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla á Suðurlandi á Selfossi..

5.2. Símenntun starfsfólks

Símenntunaráætlun leikskólans hefur verið fylgt vel eftir. Skyndihjálparnámskeið er haldið annað hvert ár fyrir allt starfsfólk og auk þess fær það að velja námskeið eftir áhugasviðum. Námsferðir erlendis eru á þriggja ára fresti. Sveitarfélagið greiðir sérstaklega fyrir námskeið ef starfsfólk er sent á þau vegna einstakra barna.

5.3. Verkferlar

Á Bergheimum eru til skýrir verkferlar fyrir innritun og móttöku barna og viðbragðsáætlanir vegna slysa. Einnig eru til verklagsreglur og áætlun um móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna. Í viðtölum við foreldra kom meðal annars fram að þeir töldu að betur mætti standa að því að kynna nýja starfsmenn í leikskólanum.

5.4. Þáttur barna og foreldra í ákvörðunum skólans

Af stjórn foreldrafélagsins eru þrír í foreldraráði. Það fór ekki fram sérstök kosning í ráðið þetta ár heldur var ákveðið af hálfu stjórnenda að velja fulltrúa úr stjórn foreldrafélagsins til setu í foreldraráði. Engum mótmælum hefur verið komið á framfæri við skólann vegna þessa. Foreldraráð þessa árs er það nýkjörið að það hefur enn ekki fundað, skipt með sér verkum eða fengið gögn skólans til yfirferðar. Fulltrúar þess hafa að mestu unnið að verkefnum sínum sem stjórnarmenn í foreldrafélagi leikskólans. Foreldraráð á fulltrúa í fræðslunefnd sveitarfélagsins og undangengin ár hefur foreldraráð farið yfir skóladagatal og skólanámskrá. Skólanámskrá og starfsáætlun skólans hafa verið samþykktar í fræðslunefnd. Fundargerðir foreldraráðs eru ekki aðgengilegar á vef leikskólans. Foreldrakannanir, starfsmannakannanir

og viðtöl gefa til kynna að það ríki almenn sátt innan leikskólans um aðkomu starfsfólks og foreldra að stjórnun skólstarfsins.

Börn eru ekki spurð mikið um uppeldisstarfið á Bergheimum. Þau hafa samt ávallt tækifæri til þess að tjá sig um starfið og sé það of mikið og skipulagt þá er starfsfólk sveigjanlegt. Börn koma ekki formlega að ákvarðanatöku um skólstarfið.

5.5. Lögbundin gögn skólans

Leikskólinn Bergheimar hefur skilað rekstraraðila sínum, sveitarfélaginu Ölfusi, árskýrslu frá árinu 2008 og er afrit af síðustu skýrslu aðgengilegt á skrifstofu skólans.

Fyrirliggjandi eru heimildir skólastjóra til öflunar sakavottorðs fyrir allt starfsfólk leikskólans svo og undirritaðir þagnareiðar allra starfsmanna. Símenntunaráætlun er fyrirliggjandi auk skólanámskrár og starfsáætlunar fyrir yfirstandandi starfsár.

5.6. Mat úttektaraðila

- Skipurit leikskólans endurspeglar ákvæði laga og reglugerða en ekki sérstöðu hans að fullu. Það er óheppilegt að stjórnendur leikskólans hafi ekki formlega stjórn yfir aðstöðu allra barna í leikskólanum en þá er átt við aðstöðu elstu barnanna sem hafa aðsetur í húsnæði grunnskólans.

-Stjórnskipulag leikskólans hentar stærð hans og verkefnum með þeim annmörkum sem að framan eru taldir.

-Æskilegt er að foreldraráð taki til starfa fljótlega eftir kosningu að hausti til að geta veitt umsögn um skóladagatal, starfsáætlun og skólanámskrá strax í byrjun skólaársins.

-Æskilegt er að skólinn skapi vettvang fyrir nemendur til þess að koma á einhvern hátt að ákvarðanatöku innan skólans, jafnvel þó sú ákvarðanatöku snúi aðallega að þeim sjálfum.

-Stjórnun Bergheima er í samræmi við lög, reglugerðir og viðurkennda starfshætti.

6. Uppeldi, menntun og umönnun

Dagskipulag Bergheima er með nokkuð hefðbundnum hætti þar sem dagurinn skiptist í megindráttum milli hópstarfs, frjáls leiks, útiveru og máltíða. Leikskólinn opnar kl. 7:30 á morgnanna og er opinn til kl. 17:00. Aðspurðir lýstu foreldrar sem rætt var við sátt með dagskipulag skólans og töldu opnunartíma mæta þörfum fjölskyldunnar.

6.1. Leikföng og efniviður

Skólinn er ágætlega búinn leikföngum þó svo einhver hluti þeirra sé kominn til ára sinna. Efniviður er hins vegar vel útilátinn og fjölbreyttur. Starfsfólk og foreldrar segja að eftir efnahagsbreytingar hafi leikfangakaup minnkað en ódýrt eða verðlaust opið leikefni komið í staðinn og virðist ríkja almenn ánægja með það. Leikefni barnanna er þeim aðgengilegt á deildunum.

6.2. Námssvið aðalnámskrár

Eins og áður er sagt starfar skólinn enn eftir eldri aðalnámskrá og eru áherslupættir hennar því áberandi í starfinu. Námssvið fyrri aðalnámskrár, hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag eiga hvert sinn sess í daglegu starfi skólans. Þau eru ýmist samþætt almennu starfi og gæslu líkt og myndsköpunin, samfélags- og umhverfisfræði eða með sérstaklega fráteknum stundum líkt og hreyfingin í gegnum jóгатíma, danstíma og sundtíma, tónlistin í gegnum danstíma og skipulagða söngsamveru og málræktin í gegnum sérstaka málörvunartíma með talmeinafræðingi. Samfélagsfræði og menningu eru gerð skil í öflugum samstarfi við grenndarsamfélagið líkt og vikið verður að síðar. Séráherslur skólans, hreyfing og málrækt, líkt og þær koma fram í skólanámskrá, birtast því vel í starfi skólans. Í leikskólanum fer fram stærðfræðivinna þar áhersla er lögð á talnaskilning og einföldustu atriði stærðfræðinnar. Þessi vinna fer fram í stuttum stundum flesta daga vikunnar.

Foreldrar sem rætt var við lýstu ánægju með alla eftirfylgd með þroska barnanna og töldu leikskólann standa vel að samvinnu við foreldra í því efni. Að sama skapi voru foreldrar ánægðir með íslenskuþjálfun barnanna og töldu vel staðið að skipulegri málörvun í gegnum sögur, lestur, söng, vísur og þulur líkt og góð venja er í íslenskum leikskólum. Töldu foreldrar

að börnin fái tækifæri til að tjá sig í orði og með listsköpun. Einnig nefndu foreldrar að vel væri hlúð að börnunum andlega og vitsmunalega og í samræmi við þarfir þeirra.

Ekki fer fram markviss fræðsla í sjálfbærni og vísindum á Bergheimum en hins vegar er óhætt að segja að í daglegu starfi fari slík fræðsla fram með ýmsum hætti á óformlegan hátt. Rusl er flokkað með aðstoð barnanna og þau aðstoða við að losa tunnur. Á vorin fá börnin að gróðursetja tré og blóm og leikskólinn hefur verið með matjurtaræktun. Börnin hafa fengist við skordýraskoðun, gert tilraunir með snjóbráð og fleiri verkefni sem vekja áhuga á náttúru og vísindum.

6.3. Líðan barnanna

Allir foreldrarnir sem rætt var við töldu börnin sín ánægð í leikskólanum með þeirri undantekningu að flutningi barna yfir á elstu deild fylgdi erfitt tímabil aðlögunar. Einnig töldu foreldrar að umgengni leikskólabarnanna við grunnskólabörnin væri ekki í alla staði jákvæð og kæmi það fyrir að börnin lærðu orð og orðalag sem væru ekki viðeigandi fyrir þeirra aldur. Að mestu leyti væri þó gott fyrir börnin að hafa eldri fyrirmyndir og lærðu þau líka margt gott af grunnskólabörnunum.

Börnin á Bergheimum virðast vera kát og glöð. Á deildunum fara fram fjölbreyttir og fallegir leikir og samskipti starfsfólksins við börnin einkennast í langflestum tilvikum af hlýju. Starfsfólkið er virkt í aðstoð við börnin og í leikjum með þeim og hvergi má sjá starfsmann sitja auðum höndum heldur er auðsýnileg hefð fyrir mikilli virkni starfsfólksins. Börnin sem rætt var við virtust ánægð með skólann sinn og sögðu að þar væri gaman.

6.4. Lýðræðisþjálfun

Lýðræðisþjálfun virðist ekki vera mikil í leikskólanum. Börn sem rætt var við sögðu að „konurnar“ réðu í leikskólanum en börnin fengu stundum að velja. Lítil forbinding er hins vegar á þessu vali, en að sögn stjórnenda eru valtimar þrjá daga í viku á eldri deildunum.

6.5. Agi og hegðun

Bergheimar hafa ekki mótað sér agastefnu og ber uppeldisstarfið þess nokkur merki að ekki sé unnið fyrirbyggjandi að því að kenna börnunum góða hegðun. Ef ekki liggur fyrir stefna og leiðsögn skólans um hvernig skuli aga börnin er hætt við að starfsfólk grípi hvert til sinna ráða og sum þeirra geta ef til vill verið óheppileg eða ef til vill ekki í samræmi við óskir

skólastjórnenda. Sem dæmi um þetta má nefna að setja barn eitt afsíðis á bak við skilrúm, að hækka röddina óþarflega mikið og að ávíta börn með ásökunum sem geta verið til þess fallnar að skapa þeim sektarkennd. Skortur skólans á agastefnu getur einnig orðið til þess að börnin fái misvísandi skilaboð, bæði um það hvað teljist góð eða slæm hegðun og hverjar afleiðingar tiltekinnar hegðunar sé. Að þessu sögðu skal það þó tekið fram að starfsfólk Bergheima sýnir börnunum velvild og hlýju og virðist takast í langflestum tilvikum að hafa stjórn á barnahópnum með prýðilega ásættanlegum og góðum aðferðum. Stjórnendur upplifa ekki að það sé þörf á innleiðingu agastefnu og ekki hafa komið tilmæli frá sveitarfélaginu þar að lútandi.

6.6. Þróunarverkefni

Sérstök þróun á starfsháttum innan leikskólans Bergheima er ekki veruleg og frekar ómarkviss. Stjórnendur eru hins vegar opnir fyrir þróunarverkefnum og horfa til þess að geta nýtt meira sérþekkingu starfsfólks til þess að opna fyrir nýjungar. Það sem er efst á baugi er að auka sorpflokkun og umhverfisvitund almennt. Einnig hefur verið unnið að því undanfarin misseri að minnka beina sykurneyslu. Leikskólinn vinnur í samstarfi við Vinnuskóla sveitarfélagsins að þróun starfshátta sem gefa unglingum kost á að sækja um sumarvinnu í leikskólanum. Leikskólinn er að öðru leyti í margháttuðu samstarfi við ýmsa aðila samfélagsins og er nánar fjallað um það samstarf í næsta kafla. Á Bergheimum hefur gengið vel að festa áhrif þeirra breytinga og þróunarverkefni sem gerð hafa verið í sessi. Á Bergheimum er til símenntunaráætlun fyrir starfsfólk sem það hefur ágæta aðkomu að. Að sögn starfsfólksins er nægt framboð af námskeiðum og starfsdagar eru hluti af þeirri áætlun.

6.7. Mat úttektaraðila

-Námssvið aðalnámskrár frá 1999 sem Bergheimar starfa eftir, hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag eiga hvert sinn sess í daglegu starfi leikskólans og að auki fer þar fram áhugaverð stærðfræðivinna með börnunum.

-Uppeldisstarfið ber þess nokkur merki að leikskólinn þyrfti að móta sér agastefnu.

-Breytingar og þróunarverkefni mætti vinna á markvissari hátt og meta árangurinn kerfisbundið sem þátt í innra mati meðal annars til þess að festa þær betur í sessi.

-Uppeldi, menntun og umönnun barna í leikskólanum Bergheimum samræmist lögum og reglugerðum um leikskóla og börnin virðast vera kát og glöð.

7. Skólabragur og samskipti

Starfsandinn á Bergheimum er nokkuð góður. Starfsfólk er glaðlegt og virkt í starfi sínu með börnunum og mikið er lagt upp úr því að skapa börnunum tilbreytingu og gleðja þau með ýmsum hætti.

7.1. Starfsandi

Ytri aðstæður geta hins vegar skapað álagsþætti í starfinu sem þarf að takast á við en að sögn starfsfólks reyna allir að leggja sitt á vogarskálarnar og til að mynda hafa eldri starfsmenn verið duglegir að tileinka sér ný vinnubrögð. Þrengsli í húsakynnum og aðstöðuleysi eru til að mynda þættir sem hafa skapað þirring en starfsfólk Bergheima hefur tileinkað sér jákvætt hugarfar til að takast á við slíkt og almennt er fólk glatt og ánægt. Sú kjaraskerðing sem afnám óunnar yfirvinnu var hefur einnig skapað togstreitu og óánægju í starfi en samt ekki að því marki að það hafi áhrif á börnin. Starfsfólki sem vinnur undir þaki grunnskólans finnst slítandi að vera ekki í nálægð við samstarfsfólk, stjórnendur og önnur börn, auk þess er slítandi að takast á við togstreitu sem getur skapast í samskiptum við starfsfólk grunnskólans þó svo að samstarfið sé á heildina mjög gott. Leikskólinn er með samskiptareglur sem fólk ber að virða og reynt er ræða mál á jákvæðum nótum og opinskátt frekar en að hafa undirliggjandi óánægju. Samheldni er mikil í starfsmannahópi Bergheima.

7.2. Gleðirækt

Ýmislegt er gert til þess að viðhalda góðum og notalegum skólabrag á Bergheimum. Auk uppákoma í tengslum við afmæli barnanna, jól og þorra er leikfímissýning á vorin í lok vetrarstarfs og ferð í hesthús bæjarins þar sem gefst kostur á að sjá kindur, lömb, hesta, hænur og fleiri dýr. Í lok maí er vorhátíð og útskriftarhátíð í boði foreldrafélagsins og hjóla- og grilldagur er haldinn einhvern góðviðrisdaginn. Þá er haldið upp á evrópska tungumáladaginn, dag íslenskrar tungu, dag stærðfræðinnar og dag leikskólans og unnið með málefni þessara daga til að minna börnin á mikilvægi þeirra. Auk þessa eru söngstundir á föstudögum þar sem öll börn og kennarar í leikskólanum koma saman í salnum. Síðasta föstudag í mánuði skiptast deildirnar á að vera með uppákomur og nokkur börn spila á hljóðfæri og taka þátt í að stýra söngstundinni. Litadagur er fyrsta föstudag í mánuði og mæta þá allir í einhverju eða með eitthvað, sem sýnir valinn lit. Rugldagar eru annan föstudag í mánuði en þá eru allar deildirnar opnaðar (deild elstu barnanna sem er með aðsetur í

grunnskólanum kemur þá einnig) og börnin fara að vild um allan leikskólann. Starfsfólk gerir sér einnig dagamun til að viðhalda góðum starfsanda og skólabrag.

Leikskólinn er ekki með sérstaka starfsmannastefnu en fylgir starfsmannastefnu sveitarfélagsins sem er metnaðarfull og vönduð.

7.3. Lífsleikni

Á elstu deildinni fer fram kennsla í lífsleikni þar sem börnin tileinka sér siðferðisvitund og einnig er notast við ART kerfið¹ í félagsþjálfun (Aggression Replacement Training). Mikil áhersla er lögð á að heilsa hverju barni og kveðja það á Bergheimum og er það meðal annars til að barnið finni að vera þess og annarra barna í leikskólanum skipti máli.

7.4. Samskipti og viðmót

Leikskólakennurum á Bergheimum er ætlað að veita börnum skilyrði til aukins þroska og í leikskólanum er starfsfólk meðvitað um tækifærin í starfinu til að jafna hlut barna sem búa við þröngan kost. Í leikskólanum hefur starfsfólk tileinkað sér vinnubrögð þar sem virðing er borin fyrir náunganum og skoðunum annarra. Foreldrar í rýnihópi töldu börn sín ánægð í leikskólanum og að almennt ríkti þar andi vináttu og virðingar. Foreldrarnir sögðu einnig að starfsfólk skólans væri vingjarnlegt og glaðlegt og mætti fjölskyldum leikskólabarnanna með jákvæðu viðhorfi.

7.5. Margbreytileiki og virðing

Starfsfólk er tilbúið til þess að fara „úr kassanum og hætta að steypa alla í sama mót“. Í því sambandi er til að mynda litið til þess að erlendu börnin eru að einhverju leyti öðruvísi (til dæmis varðandi menningu, trú og gildi) og ekki er gerð krafa um að þau séu eins og þau íslensku. Börn með sérþarfir eru öll velkomin í leikskólann og er tekið tillit til ólíkra þarfa barna og réttur þeirra virtur til þátttöku í leikjum og samskipta við önnur börn. Skólinn er ekki með sérstaka stefnu varðandi kynjajafnrétti.

¹ Með ART atferlisþjálfunar kerfinu er leitast við að fyrirbyggja og draga úr erfiðri hegðun einstaklinga með þroska- og atferlisröskun sem ýtir einnig undir siðferðisvitund og víðsýni (Sótt 1. desember 2011 af www.gedhjalp.is)

7.6. Mat úttektaraðila

-Skólabragur Bergheima er jákvæður og starfsandi virðist góður. Starfsfólk er virkt í samskiptum við börnin og mikið er lagt upp úr að skapa börnunum tilbreytingu og gleðja þau með ýmsum uppákomum og skemmtunum.

-Rík meðvitund er í skólanum um sérstöðu barna af erlendum uppruna svo og barna með fatlanir og er sérstöðu þeirra sýnd virðing.

-Bergheimar hafa ekki mótað sér stefnu um jafnrétti kynjanna.

-Elstu leikskólabörnin fá markvissa þjálfun í lífsleikni.

8. Innra mat

Í reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahlald nr. 893/2009 segir að leikskólar skuli meta starf sitt með kerfisbundnum hætti til að leggja mat á árangur og gæði. Matið skuli vera fjölbreytt, ná til allra þátta starfsins og hafa umbætur að leiðarljósi. Einnig segir í reglugerðinni að starfsmenn og foreldrar/foreldraráð og börn eigi að koma að matinu eftir því sem við á og að lokum að leikskólar eigi að birta innra mat á vefsvæði sínu eða öðrum opinberum vettvangi þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og umbótaáætlun

Á Bergheimum er starfið metið reglulega og er gæðamats getið bæði í skólastefnu sveitarfélagsins og í skólanámskrá. Samkvæmt aðalnámskrá frá 1999 sem Bergheimar vinna eftir á sjálfsmat skólans að vera samvinnuverkefni þeirra sem tengjast starfinu og sett fram í skýrslu.

8.1. Innihald innra mats

Starfsfólk Bergheima vinnur sjálfsmat á innra starfi og kannar hvort uppfylltar séu þær kröfur sem eru um starfshætti og búnað. Einkunn er gefin fyrir staðlaðar spurningar og stöðluð svör og unnið er út frá niðurstöðunum til að bæta starfið. Einnig er gerð viðhorfskönnun meðal foreldra hvert ár á foreldraviðtalsdaginn og hafa foreldrar tækifæri til að hafa áhrif á starfsemi leikskólans með því að láta álit sitt í ljós. Samkvæmt skólanámskrá er könnunin gerð til að endurspeglar álit foreldra og gefa starfsfólki tækifæri á að gera breytingar. Könnunin er að hluta til undir nafni en var áður alfarið undir nafni. Formaður foreldraráðs beitti sér fyrir því að könnunin yrði nafnlaus. Stjórnendur vilja með því að hafa könnunina undir nafni geta átt kost á því að nálgast foreldra beint sem hafa athugasemdir um starfið. Niðurstöður könnunarinnar eru lagðar fyrir fræðslunefnd og birtar á heimasíðu leikskólans.

Starfsfólk kemur að gerð innra mats með notkun Ecers kvarðans, þátttöku í starfsmannakönnun og gerð sjálfsmats. Foreldrar koma ekki að innra mati leikskólans að öðru leyti en því að svara foreldrakönnun og börnin á Bergheimum koma ekki með formlegum hætti að innra mati leikskólans.

Með Ecers kvarðanum² er frammistaða kennara metin og fengnar eru upplýsingar um veikleika og styrkleika skólustarfsins. Ecers kvarðinn er unninn annað hvert ár og starfsmannakönnun hitt árið á móti.

8.2. Ábyrgð og eftirfylgni

Verkferlar við framkvæmd innra mats eru nokkuð skýrir. Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir skipulagi og framkvæmd innra mats en upplýsingar um þá ábyrgð koma ekki fram á heimasíðu skólans né í skólanámskrá. Á heimasíðu skólans er hvorki að finna sjálfsmatsskýrslu né niðurstöður foreldra- eða starfsmannakönnunar.

Innra mati hefur ekki verið fylgt eftir með markvissri skólaþróun en unnið er úr niðurstöðum til að efla bæði starfsemi og starfsfólk. Umbótaáætlun er unnin í samráði við allt starfsfólk leikskólans. Niðurstöður úr innra mati hafa verið kynntar fræðslunefnd sveitarfélagsins og svo og foreldraráði skólans.

8.3. Mat úttektaraðila

-Framkvæmd innra mats í leikskólanum er ekki að fullu í samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá en er mjög langt á veg komin. Aðkomu barna þarf að formgera og skerpa þarf aðkomu foreldra að matinu. Einnig þarf að birta sjálfsmatið opinberlega. Innra matið sem fram fer í skólanum er nokkuð umfangsmikið, snertir marga hagsmunaaðila og niðurstöður þess eru nýttar til eflingar starfi skólans.

-Betur færi á því að hafa foreldrakönnun nafnlaus og vinna umbótaáætlun út frá heildarniðurstöðum en ekki einstökum svörum.

² ECERS (Early Childhood Environment Rating Scale www.unc.edu/~ecers) er kvarði til að meta í heild umhverfi og uppeldisstarf leikskólans og starf leikskólakennara. Einnig er hægt að nota kvarðann til að meta einstaka þætti starfsins. ECERS kvarðinn kemur frá Bandaríkjunum og er ætlaður til að meta leikskólastarf fyrir 3-6 ára börn. (Sótt 3. desember 2011 af www.samband.is)

9. Foreldrasamstarf

Sýn foreldra á þjónustu leikskólans og uppeldisstarf virðist almennt jákvæð. Samkvæmt viðtölum við rýnihóp telja foreldrar að námsþáttum samkvæmt aðalnámskrá sé sinnt og að hlúð sé að börnunum andlega, líkamlega og vitsmunalega. Sérstaklega nefndu foreldrar að málörvun væri ríkur þáttur í starfinu og að börnin fengju góð tækifæri til tjáningar og skapandi vinnu. Rýnihópur taldi að þjónustu við lífstílsóskir og sérþarfir foreldra væri vel mætt og að foreldrar ættu auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólann. Niðurstöður síðustu foreldrakönnunar Bergheima sýna yfirgnæfandi ánægju foreldra með foreldrasamstarf, viðmót starfsfólks og þjónustu leikskólans.

9.1. Viðtöl og fundir

Foreldrafundir eru haldnir í október ár hvert og er fyrirkomulag fundanna þannig að þeir fara fram að morgni dags á deildum. Í nóvember ár hvert er síðan óformlegra foreldraspjall sem einkum er hugsað sem vettvangur til þess að þeir foreldrar sem vilja og þurfa hafi aðgang að samráði við kennara sinna barna. Hefðbundin foreldraviðtöl fara svo fram í lok janúar ár hvert. Að auki geta foreldrar óskað eftir viðtölum við kennara og skólastjórnendur ef þörf krefur.

9.2. Foreldrafélag og foreldraráð

Foreldrafélag er starfandi við skólann og sinnir einkum viðburðum og hátíðum í samvinnu við leikskólann svo sem sumarhátíð og jóladansleik. Erfitt hefur reynst að manna stjórn foreldrafélagsins á aðalfundum félagsins og hefur stjórn þurft að ganga á eftir fólki til þess að taka þátt í starfinu. Þrátt fyrir þessa tregðu virðist ríkja almenn sátt um félagið og starf þess og lýstu foreldrar í rýnihópi þakklæti gagnvart þeim sem hafa setið í stjórn félagsins.

Í hinu lögbundna foreldraráði leikskólans sitja þrír af fulltrúum stjórnar foreldrafélags leikskólans. Hið nýkjörna foreldraráð Bergheima hafði, þegar úttekt fór fram, ekki fundað né fengið til umsagnar skólanámskrá né skóladagatal en þau gögn höfðu verið kynnt í fræðslunefnd þar sem fulltrúi foreldraráðs situr. Nánar var fjallað um foreldraráð í kafla um stjórnun og rekstur.

9.3. Áhrif foreldra á skólastarfið

Á hverju ári fer fram viðhorfskönnun foreldra á Bergheimum. Þessi könnun er metnaðarfull að gerð og leitar eftir sýn foreldra á flestum þeim málum sem lúta að leikskólastarfinu og virðist svo vera sem leikskólinn nýti sér ábendingar sem þar koma fram til þess að bæta leikskólastarfið. Athygli vekur sú óvenjulega ráðstöfun að könnunin er ekki nafnlaus heldur er farið fram á að foreldrar merki sér könnunina í heild eða að hluta og má leiða að því líkum að sú ráðstöfun takmarki þau áhrif sem foreldrar geti haft á skólastarfið með viðhorfskönnuninni. Svo virðist sem óánægju gæti meðal foreldra með þessa framkvæmd viðhorfskönnunarinnar, en nánar er vikið að henni í kaflanum um innra mat.

Foreldrar eru virkir þátttakendur í skólastarfinu á Bergheimum en koma ekki beint að ákvörðunum um starfið umfram þann þátt sem foreldraráð hefur í stjórnun skólans og óbeint í gegn um viðhorfskönnun.

9.4. Mat úttektaraðila

-Foreldrar barna á Bergheimum virðast hafa jákvætt viðhorf gagnvart leikskólanum og almenn sátt ríkir meðal foreldra um fyrirkomulag starfsins.

-Sú óvenjulega ráðstöfun skólans að fara fram á að foreldrar merki sér árlega viðhorfskönnun takmarkar trúlega möguleika foreldra til að hafa áhrif á leikskólastarfið og jafnvel möguleika leikskólans til að fá ábendingar um það sem betur má fara.

10. Upplýsingamiðlun

Sveitarfélagið Ölfus hýsir upplýsingar um Leikskólann Bergheima á vef sínum. Þar er að finna umsóknareyðublað fyrir leikskóladvöl, vinnureglur um innritun barna í leikskólann, skólanámskrá Bergheima og upplýsingar um símanúmer, netföng og vefsíðu skólans. Einnig eru þar nokkur orð um stefnu skólans og þar segir að skólinn hafi einkum kenningar John Dewey að leiðarljósi. Þessar upplýsingar eru ekki til samræmis við það sem fram kemur í skólanámskrá Bergheima og ársskýrslu.

10.1. www.bergheimar.is

Skólinn á sér vefsíðu sem hýst er á léninu bergheimar.is. Á vefsíðunni eru greinargóðar upplýsingar um deildir skólans, starfsfólk og þjónustu sveitarfélagsins auk þess sem síðuna prýða gamanmál og myndir. Í upplýsingum um skólann á síðunni er að finna sömu upplýsingar og á vef sveitarfélagsins um það leiðarljós sem kenningar Johns Dewey eru skólanum. Í viðræðum við foreldra kom fram sú skoðun að vefsíðan væri mjög döpur en að sögn starfsfólks er hún í vinnslu og verið er að bæta inn á hana efni. Á þeim vikum sem úttekt hefur staðið yfir hefur vefsíðan tekið miklum framförum og stefnir allt í að hún verði lifandi þáttur í upplýsingamiðlun leikskólans.

10.2. Önnur upplýsingamiðlun

Á Bergheimum eru önnur rafræn samskipti notuð og til dæmis er fréttabréf skólans ávallt sent út í tölvupósti. Fréttabréfið kemur út mánaðarlega eða því sem næst. Önnur upplýsingamiðlun skólans til nærsamfélagsins og foreldra fara fram í gegn um kynningar þar sem fulltrúar leikskólans kynna starfssemi hans þegar um er beðið, opna daga, þegar leikskólinn hefur opið hús og býður alla velkomna til þess að skoða skólann og kynna sér starf hans að ógleymdu bæjarblaðinu Bæjarlífi en þar er leikskólinn með fastan dálk.

10.3. Mat úttektaraðila

-Aðgangur foreldra og nærsamfélags að upplýsingum um skólastarfið er ásættanlega greið þegar til þess að litið að vefsíða skólans er í vinnslu og lofar góðu.

-Í opinberri kynningu skólans á veraldarvefnum koma fram upplýsingar um uppeldisfræðilegar áherslur sem samræmast ekki upplýsingum í öðrum gögnum skólans. Þetta þarf að samræma.

11. Ytri tengsl

Bergheimar standa að miklu samstarfi við grenndarsamfélag sitt. Í því samstarfi ber fyrst að telja samvinnu við eldri borgara en í hverjum mánuði koma einn eða fleiri eldri borgarar í heimsókn í leikskólann, spjalla við börnin, lesa fyrir þau eða segja frá lífi sínu. Barnahópar heimsækja 9-una þar sem félagsstarf eldri borgara fer fram og flytja þar stundum söng. Tónlistarskóli Árnessýslu sendir nemendur sína í heimsóknir í leikskólann einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann svo þau geti spilað tónlist fyrir börnin og sagt þeim frá hljóðfærunum sínum. Bókasafnið í Þorlákshöfn býður leikskólabörnin ávallt velkomin og taka börnin þátt í formlegum uppákomum þar svo sem Bangsavíkunni og Norrænu bókasafnsvíkunni. Einnig býður bókasafnið barnahópum upp á sögustundir og bókasafnsfræðslu. Vinnuskólinn á í samvinnu við leikskólann og sendir unglunga þangað í starfsnám og nemendur í Fjölbrotarskóla Suðurlands fá að vinna verkefni tengd uppeldisfræði í leikskólanum. Auk fastrar samvinnu tekur leikskólinn þátt í samfélagslegum viðburðum og hátíðum í sveitarfélaginu.

11.1. Samvinna skólastiga

Þar sem elsta deild leikskólans er hýst í húsnæði Grunnskóla Þorlákshafnar gefur auga leið að samvinna skólastiganna er óvenju mikil. Samstarfið er gott og samkvæmt foreldrakönnun eru foreldrar ánægðir með fyrirkomulagið en af viðtölum við foreldra er ljóst að um það eru skiptar skoðanir. Nemendaskipti eru milli deildarinnar og fyrsta bekkjar grunnskólans auk margskonar samstarfs og uppákoma. Á báðum skólastigum fer fram grenndarnám með samvinnu kennara og samþættingu á námsefni. Deildin tekur einnig þátt í þemavíku og vínavíku svo eitthvað sé nefnt. Leikskólinn fær afnot af íþróttahúsi sveitarfélagsins einu sinni í viku.

11.2. Mat úttektaraðila

-Bergheimar eru í góðri samvinnu við grenndarsamfélagið og aðra hagsmunaaðila. Leikskólinn virðist njóta velvildar í samfélaginu og vera ein af mikilvægustu stofnunum þess.

-Samstarf elstu deildarinnar, Hulduheima, við Grunnskóla Þorlákshafnar er mikið og gott.

12. Sérfræðipjónusta sveitarfélags

Samkvæmt lögum um leikskóla ber sveitarfélaginu að reka sérfræðipjónustu fyrir leikskóla. Í henni á að felast annars vegar stuðningur fyrir leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra.

Sveitarfélagið Ölfus rekur ekki sérfræðipjónustu á eigin vegum. Í skólanámskrá Bergheima er gerð grein fyrir samningi leikskólans við talmeinafræðing og sálfræðing. Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.

12.1. Kynning á þjónustunni

Deildarstjórar kynna sérfræðipjónustuna fyrir foreldrum og öðrum hlutaðeigandi aðilum við innritun barns á leikskólann. Þá er þjónustan kynnt á foreldrafundum, í skólanámskrá og á vefsíðu skólans.

12.2. Aðgengi og eftirfylgni

Verkferlar starfsfólks Bergheima er varða sérfræðipjónustuna eru nokkuð skýrir og aðgengi að þjónustunni er gott. Talmeinafræðingur kemur í leikskólann einu sinni í mánuði og sálfræðingur eftir þörfum. Í foreldraviðtölum er túlkur fyrir foreldra sem ekki tala íslensku. Sérkennslustjóri leikskólans hefur milligöngu um mál, gerir áætlanir og sér um eftirfylgni með þeim börnum sem þarfnast sérfræðipjónustu. Umsóknir um sérfræðipjónustu fara í gegn um sérkennslustjóra. Foreldrar þurfa að undirrita sérstakt leyfi ef þeir eða kennarar telja að börnin þurfi þjónustu sérfræðinga. Sérkennsla Bergheima fer að mestu fram í daglegu starfi leikskólans. Hún er unnin í góðu samstarfi við foreldra og samskipti eru gagnkvæm.

Bergheimar eru í samstarfi við heilsugæsluna og fer tveggja og hálfis árs skoðun fram í leikskólanum. Foreldrar eru látnir vita af skoðuninni en eru ekki viðstaddir og hefur ekki verið gerð athugasemd við það fyrirkomulag af hálfu foreldra.

12.3. Mat úttektaraðila

-Aðgengi foreldra að sérfræðipjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga.

13. Niðurstöður

Að lokinni úttekt á starfi leikskólans Bergheima á Þorlákshöfn má álykta að börnunum sem þar dvelja sé búið hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði eins og lög um leikskóla nr. 90 frá árinu 2008 kveða á um.

Húsnæði Bergheima uppfyllir ákvæði 5. gr. reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla sem kveður á um þá lágmarksaðstöðu sem vera skal fyrir hendi. Þó húsnæðið uppfylli lágmarkskröfur reglugerðar er ljóst að skólastarfið líður á margan hátt fyrir slæman húsnæðiskost. Þrengsli eru ein af orsökum þess að elsta deild leikskólans er rekin í húsnæði Grunnskóla Þorlákshafnar og þrátt fyrir ýmsa kosti þeirrar ráðstöfunar er það mat úttektaraðila að þetta fyrirkomulag sé ekki heppilegt. Því mati liggja til grundvallar stjórnunarlegir anmarkar, blendnar tilfinningar foreldra og starfsfólks og efasemdir úttektaraðila um að húsnæði grunnskólans henti leikskólabörnum allskostar. Húsnæði Bergheima setur því einnig skorður hvers konar mataræði er á boðstólum í skólanum og myndu eflaust flestir hagsmunaaðilar fremur kjósa að skólinn hefði fullbúið eldhús sem gæfi kost á heimatilbúnum mat.

Starfsfólk Bergheima sýnir æðruleysi gagnvart slæmum húsnæðisaðstæðum leikskólans og virðist ná að skapa sér og viðhalda jákvæðri sýn á þær takmarkanir sem þessar aðstæður skapa. Þar eiga stjórnendur skólans ríkan þátt með jákvæðri hvatningu til starfsfólks svo og útsjónarsemi við skipulagningu leikskólastarfsins. Skólabragur Bergheima er jákvæður og starfsandi virðist góður. Skólinn er ágætlega mannaður fagfólki miðað við landsmeðaltal.

Vel hefur gengið að innleiða nýjar reglugerðir og starfshætti í kjölfar nýrra leikskólalaga á Bergheimum og má segja að skólinn hafi innleitt lögin að fullu ef frá eru taldir hnókrar á eftirfylgni við starf foreldraráðs. Einnig þyrfti að gera innra mat hvers árs aðgengilegt skólasamfélaginu og formgera aðkomu barna að því. Breytt efnahagsástand hefur ekki haft mikil áhrif á starf Bergheima. Þó hafa hagræðingaraðgerðir eitthvað minnkað starfsánægju og foreldrar og starfsfólk hafa áhyggjur af töfum á úrbótum á húsnæðismálum skólans.

Skólanámskrá Bergheima og yfirlýst stefna skólans uppfylla ákvæði gildandi aðalnámskrár en áherslur á námsþætti í skólanámskrá er með vísunum í aðalnámskrá leikskóla frá árinu 1999. Starf skólans er í samræmi við skólanámskrá hans nema hvað þeirrar stærðfræðivinnu sem fram fer með elstu börnunum er hvergi getið í skólanámskránni. Útfærsla Bergheima á skólanámskrá á myndrænu formi er athygliverð og jákvæð viðleitni til að ná til þeirra foreldra sem eiga erfitt með að nýta sér útgáfu á textaformi.

Uppeldi, menntun og umönnun barna í leikskólanum Bergheimum samræmist lögum og reglugerðum um leikskóla og börnin virðast vera kát og glöð. Starfsfólk er virkt í samskiptum við börnin og mikið er lagt í að skapa börnunum tilbreytingu og gleðja þau með ýmsum uppákomum og skemmtunum. Uppeldisstarfið ber þess þó merki að leikskólinn þyrfti að móta sér agastefnu svo að börnin fái skýr skilaboð um hvaða hegðun teljist góð og hver ekki og svo starfsfólk samræmi viðbrögð sín og hegðunarkennslu.

Rík meðvitund er í skólanum um sérstöðu barna af erlendum uppruna svo og barna með fatlanir og er sérstöðu þeirra sýnd virðing. Elstu börnin fá lífsleiknikennslu en Bergheimar hafa ekki mótað sér stefnu um jafnrétti kynjanna.

Framkvæmd innra mats í leikskólanum er í fullu samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá ef frá er talin aðkoma barna og aðgengi að matinu og umbótaáætlunum. Innra matið sem fram fer í skólanum er nokkuð umfangsmikið, snertir marga hagsmunaaðila og niðurstöður þess eru nýttar til eflingar starfi skólans. Sú óvenjulega ráðstöfun skólans að fara fram á að foreldrar merki sér árlega viðhorfskönnun takmarkar trúlega möguleika foreldra til að hafa áhrif á leikskólastarfið og jafnvel möguleika leikskólans til að fá ábendingar um það sem betur má fara.

Aðgangur foreldra að sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélagsins er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga

Bergheimar eru í góðri samvinnu við grenndarsamfélagið og virðist leikskólinn njóta velvildar sem ein af mikilvægustu stofnunum samfélagsins á Þorlákshöfn. Foreldrar virðast hafa jákvætt viðhorf gagnvart leikskólanum og almenn sátt ríkir um fyrirkomulag starfsins.

13.1. Helstu styrkleikar skólans

Styrkleikar leikskólans Bergheima eru þeir þættir, sem úttektaraðilar telja, að skólinn geti nýtt sér til þróunar og eflingar á starfi sínu.

- **Reynslumikið starfsfólk** er einn helsti styrkur skólans en þrátt fyrir langt starf, við oft á tíðum erfiðar aðstæður heldur starfsfólk jákvæðri sýn á starf sitt.
- **Staða skólans í samfélaginu** er sterk og njóta Bergheimar þeirrar sérstöðu að vera eini leikskóli sveitarfélagsins.
- **Nándin við Grunnskólann** á Þorlákshöfn skapar möguleika á þróun í starfi elstu barnanna sem ella væru ekki fyrir hendi.
- **Nýjungagirni og sveigjanleiki í starfsmannahópi leikskólans.** Starfsfólk virðist opið fyrir möguleikum á því að vinna kerfisbundið með ýmiskonar þróunarverkefni.

13.2. Helstu veikleikar skólans

Veikleikar Bergheima eru þeir þættir sem mögulega gætu, að mati úttektaraðila, ógnað fagstarfi hans.

- **Húsnæði skólans** er hans helsti Akkilesarhæll en viðvarandi þrengsli og léleg starfsmannaaðstaða til langs tíma reyna á þolinmæði starfsfólks og stjórnenda.
- Styrkur stofnana getur einnig orðið veikleiki þeirra en þrátt fyrir þá kosti sem **nándin við Grunnskólann** á Þorlákshöfn skapar fylgja því einnig margir gallar að ein deild leikskólans sé rekin undir öðru þaki.
- **Skortur á agastefnu** getur valdið því að börnin fái misvísandi skilaboð um hvaða hegðun sé æskileg og starfsfólk verði óöruggt um hvers konar hegðunarkennsla sé æskileg.

13.3. Um samstarf við leikskólann

Samstarf leikskólans Bergheima við úttektaraðila var í alla staði einstaklega gott og viðmót starfsfólks opið og jákvætt gagnvart úttektinni á högum leikskólans og starfi hans. Dagný

Erlendsdóttir starfandi leikskólastjóri og Elsa Þorgilsdóttir starfandi aðstoðarleikskólastjóri veittu úttektaraðilum alla umbeðna aðstoð og upplýsingar og var viðmót þeirra afar gott. Gæði þeirra upplýsinga sem úttektaraðilum var veitt voru góð í alla staði og fengust öll gögn, tölulegar upplýsingar, viðtöl og annað bæði hratt og vel.

14. Tillögur til úrbóta.

Í ljósi úttektar á leikskólanum Bergheimum á Þorlákshöfn vilja úttektaraðilar koma eftirfarandi tillögum til úrbóta á framfæri. Tillögurnar eru settar fram eftir því hvort þær krefjast aðkomu rekstraraðila eða ekki og einnig eru nokkrar minniháttar ábendingar til skólans.

14.1. Tillögur til úrbóta á aðkomu sveitarfélags

- Hjá sveitarfélaginu er fyrirbyggjandi teikning að stækkun leikskólans og best færi á því að sveitarfélagið hraðaði þeirri uppbyggingu.

14.2. Tillögur til úrbóta á starfi skólans

- Skólinn mætti móta sér agastefnu þar sem fram koma sýn skólans á góða hegðun barna, markmið með hegðunarkennslu og helstu leiðir að þeim markmiðum. Þetta myndi auka öryggi starfsfólks gagnvart agamálum og auðvelda því að gefa börnunum skýr skilaboð um æskilega hegðun.
- Framkvæmd innra mats í leikskólanum má bæta með einhverri aðkomu barna og með því að skerpa aðkomu foreldra að matinu.
- Betur færi á því að hafa foreldrakönnun nafnlausu og vinna umbótaáætlun út frá heildarniðurstöðum en ekki einstökum svörum.
- Sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun sem kemur úr innra mati þarf að birta opinberlega.

14.3. Minniháttar ábendingar

Úttektaraðilar vilja að auki benda skólanum á eftirfarandi atriði sem hæglega má gæta að án mikils tilkostnaðar eða mikillar aðkomu sveitarfélags:

- Laga mætti opinbera kynningu skólans á veraldarvefnum þar sem fram koma upplýsingar um uppeldisfræðilegar áherslur sem samræmast ekki upplýsingum í öðrum gögnum skólans.

- Vegna nýlegra upplýsinga um D-vítamín skort hjá íslenskum börnum mætti skólinn taka upp á því að bjóða upp á lýsi.
- Setja má einhverskonar lokun á salerni barna í leikskólahúsinu svo að börnin geti sinnt þörfum sínum í einrúmi.
- Laga þarf slitinn ramma í kring um bát á útileiksvæði barnanna þar sem boltar og rær standa út úr honum og geta valdið slysum.

Lokaorð

Úttektaraðilar þakka samstarf við leikskólann Bergheima við gerð þessarar skýrslu, einkum stjórnendum skólans þeim Dagnýju Erlendsdóttur og Elsu Þorgilsdóttur. Einnig ber að þakka þeim foreldrum leikskólabarna sem að vinnslu þessarar úttektar komu, fulltrúum sveitarfélagsins Ölfuss að ógleymdu starfsfólki Bergheima og börnunum sem tóku úttektaraðilum af gestrisni og mikilli vinsemd.

Heimildaskrá

Til eftirfarandi gagna er vísað í skýrslunni:

- Ársskýrsla Leikskólans Bergheima 2010.
- ART- kerfið, Sótt 1. desember 2011 af www.gedhjalp.is
- Desemberskýrsla Leikskólans Bergheima til Hagstofu Íslands 2010.
- Drög að skólanámskrá Hulduheima, deild leikskólans Bergheima í Grunnskólanum á Þorlákshöfn.
- ECERS mat fyrir starfsfólk Bergheima 2010.
- Hagstofa Íslands, talnaefni frá 2010.
- Handbók fyrir leikskólaeldhús. Lýðheilsustöð 2009.
- Handbók um rekstrarskoðun leiksvæða frá Umhverfisstofnun 2006.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008
- Myndræn námskrá Leikskólans Bergheima.
- Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009
- Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. www.samband.is
- Skólanámskrá Bergheima. 6. útgáfa, endurskoðuð fyrir starfsárið 2011-2012
- Símenntunaráætlun fyrir starfsfólk Bergheima veturinn 2011-2012
- Starfsáætlun Leikskólans Bergheima fyrir starfsárið 2011 – 2012
- Viðhorfskönnun foreldra á Leikskólanum Bergheimum 2011
- Öryggisvísir Umhverfisstofnunnar 2004.